

## Íslenskar vísindarannsóknir

Af hverju ættu rannsóknir á Alzheimer sjúkdómi að fara fram á Íslandi? Þjóðin er fámenn og vísindastofnanir litlar og sumar veikburða miðað við stórar erlendar rannsóknarstofnanir. Svárið er að vísindakenningar eru ekki síður mikilvægar í smáum samfélögum en stórum og ef stakkur er sniðinn eftir vexti er hægt að sannreyna réttmæti kenninga þó samfélagið sé lítið.

Vísindarannsóknir fara fram með margvíslegu móti. Það er nánast liðin tíð að einn vísindamaður stundi rannsóknir út af fyrir sig. Oftast vinnur hópur saman að verkefnum og samvinna milli hópa innan lands og milli landa færist í vöxt hér á landi eins og annars staðar.

Fyrsta vísindarannsóknin hér á landi á þessu sviði var þó gerð af einum manni. Hallgrímur Magnússon geðlæknir varði doktorsritgerð sína um tíðni heilabilunar á Íslandi árið 1989.

Á tíunda áratugnum hófu fyrstu rannsóknarhóparnir að rannsaka heilabilun og ýmsa sjúkdóma sem að baki liggja. Birtar voru niðurstöður rannsókna á algengi vitrænnar skerðingar og horfum sjúklinga með Alzheimer sjúkdóm. Þá fór einnig í gang samstarf Rannsóknarstofu í lyfjafræði og minnismóttökunnar á Landspítalanum um rannsókn á tilgátu um að oxunarvarnir líkamans væru veikari hjá fólki með Alzheimer- og aðra heilasjúkdóma en hjá heilbrigðum einstaklingum. Það samstarf stóð í liðlega áratug.

Tilkoma Íslenskrar erfðagreiningar skömmu fyrir aldamótin hleypti miklum krafti í rannsóknir á erfðafræði Alzheimer sjúkdóms. Það tók þó langan tíma að fá afgerandi niðurstöður en þegar það loksins gerðist vöktu niðurstöður mikla athygli.

Á vegum Hjartaverndar hófst um aldamótin umfangsmikil rannsókn á heilsu aldraðra, m.a. heilaheilsu en hún tók ekki sérstaklega til einstakra heilasjúkdóma. Rannsóknin nefnist AGES rannsóknin og hefur birst mikill fjöldi greina, m.a. um ýmislegt sem getur haft áhrif á vitræna getu.

Árið 2004 fór nýstofnað fyrirtæki, Mentis Cura, að þróa tækni til að vinna meiri upplýsingar úr heilariti en áður var gert. Fyrirtækið hefur haft samvinnu við minnismóttökuna á Landakoti og heldur sú samvinna áfram.

Minnismóttakan á Landakoti hefur elft vísindavinnu sína með samvinnu við marga aðila. Um 2010 var komið á samstarfi minnismóttöku Landakots og fimm

annarra minnismóttaka á Norðurlöndunum sem enn stendur. Einkum er verið að rannsaka hvernig heilarit getur hjálpað við greiningu og er byggt á hugbúnaði Mentis Cura. Undanfarin ár hefur einnig verið samvinna við margra innlenda aðila svo sem Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og augndeild og svefnrannsóknarstofu á Landspítalanum. Allmörg BS og MS verkefni auk doktorsverkefna hafa verið unnin á þessu sviði. Á síðustu árum hafa einnig stór lyfjafyrirtæki sýnt áhuga á samvinnu við íslenska vísindamenn á þessu sviði. Af öllu þessu má sjá að mikil gróska er í vísindavinnu á Íslandi á þessu sviði.

Hver er stuðningur við vísindarannsóknir hér á landi?

Fyrirtæki sem stunda rannsóknir geta fengið styrki en hlutafé og tekjur þeirra fyrirtækja renna einnig til rannsókna. Vísindamenn sækja um styrki í rannsóknarsjóði og eru þá í samkeppni við aðra. Einstaka dæmi eru einnig um að einstaklingar ákveði að styrkja vísindarannsóknir á þessu sviði svo sem nýleg minningargjöf um Axel Gíslason forstjóra til minnismóttökunnar ber vitni um. Næstu pistlar munu fjalla nánar um einstaka stærri verkefni sem unnin hafa verið hér á landi og hér hefur verið tæpt á.